

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

J A R Ð L A G A S N I Ð

Rannsóknarborholur á

Höfuðborgarsvæðinu

Eftir

Ingvar Bingir Friðleifsson

SEPT. 1968

Rannsóknarberholur á

Höfuðborgarsvæðinu

Eftir

Ingvar Birgir Friðleifsson

Efnisyfirlit:

ÁRANAUST, Hóla I	403	Bls.	1
GARÐAR (AGISSÍÐU) Renns. Hóla II.	1291	"	4
HAFNARFJÖRÐUR, Rannsóknarh. IV.	1143/ (HS-7)	"	6
SILFURTUN, Rannsóknarh. V.	1042	"	8
ÁLPTANES, Rannsóknarh. Hóla 6	12301	"	12
ÓPAVOGUR, Rannsóknarh. III.	5070	"	15
LEIRVOGUR, Rannsóknarh. VII.			18

ANANAUST, Ranns.hola I, Stór Rvík. (Verk nr. 887)

H5-03

403

1.5-5.2 m

Grágrýti, með stórum olivinekrystöllum, grófkrySTALLAÐ og nær blöðrulaust. Verður blöðrótt síðustu 15 cm. Kjarni heillegur

5.2-11.0 m

Basalthraun, mjög blöðrótt. Basaltið er svargrátt að lit, ferskt, olivinekrystallar (smáir). Kjarninn er mjög molaður. Mörkin á milli basaltsins og móbergsbreksíunnar fyrir neðan eru ekki glögg.

11.0-39.0 m

Móbergis breksía. Svarblátt basalt, þétt en dálítið blöðrótt í grænleitum, glerkenndum millimassa. Allmikið leirfyllt (bleikur leir). Hlutfallið milli basalts og millimassa er nokkuð mismunandi. Basalt ríkjandi niður í 23.5 m, en þá verður milli massinn ríkjandi niður í 26.0 m. Hreint basalt frá 27.0-28.4 m síðan er millimassinn nokkuð mikill og blágrýtismolarnir smærri en ofar. Kjarninn er heillegur niður í 26.0 m, molað bil niður í 28.0 m. Þá heillegt niður í 33.0 m, en síðan molað. Síðustu tvo metrana virðist kjarninn hafa verið boraður út, og er því molaðri en ella.

39.0-50.5 m

Konglomerat. Völurnar eru mismunandi að stærð eftir gerð og eru hvað stærstar völnur úr blöðróttu, dökku basalti, en minni eru völnur úr blágrýti. Einnig eru völnur úr rauðleitu og grá-grænu, fremur leirkennda efni. Einnig nokkuð af ljósleitum basaltmolum (grágrýti). Völurnar verða stærri eftir 44.0 m. Hér er kornadreifing ekki eins jöfn yfir allar stærðir. Nokkuð stórar völnur í fínlegum massa. Verður næsta fínlegt set á bili frá 45.5 til 47.0 m, en síðan eykst magnið af basaltmolum mjög. Akaflega fallett konglomerat.

50.5-56.5 m

Mjög fingert set, leirsteinn og fingerður sandsteinn. Einstaka basaltbrot má finna, en tiltölulega fá. Sjá má greinilegar randir í setinu. Þetta set er í beinum tengslum við völubergið fyrir ofan. Síðustu 3 metrana er allmikið af basaltvölum í setinu og seinasta meterinn er um að ræða stóra blágrýtissteina og fingert set á milli þeirra.

56.5-60.0 m

Basalt, grófkristallað og blöðrulaust, þétt. Kjarnabútar úr basaltinu eru upp í 40 cm langir, en fingert set finnst á milli nokkurra þeirra. Þetta hafa mjög líklega verið stórir steinar, sem sokkið hafa djúpt í setleðjuna vegna þunga síns.

60.0-63.4 m

Fingert setlag, leirsteinn. Er mjög þéttur og vel pressaður, líkastur vel hörönuðu sementi á köflum. Nokkuð er af vólum neðstu 20 cm. Mörkin á setinu og basaltinu fyrir neðan eru skörp, skriðrákir á toppi basaltsins.

63.4-65.4 m

Basalt, finkornótt og e.t.v. örl. myndbreytt. Allmikið af stórum blöðrum, en annars þétt.

65.4-77.0 m

Konglomerat, mjög grófgert ofan til. Stórar vökur eru úr dökku blöðróttu basalti og minni úr þéttu blágrýti. Að mestu blágrýti frá 67.5-71.0 m. Millimassinn er rauðleitur og dálítið tuffkenndur, en verður fingerður neðan til.

77.0-79.0 m

Basalt, mjög blöðrótt, dökkt og finkornótt.

79.0-81.8 m

Konglomerat, grófgert. Vökur úr blöðróttu, dökku basalti og bláleitu þéttara. Millimassinn laus í sér með köflum.

81.8-86.5 m

Basalt, þétt og nær blöðrulaust, eitilhart blágrýti. Dálitið blöðrótt neðst.

86.5-87.0 m

Konglomerat. Millimassinn er rauðleitur, dálitið glerkenndur, en laus í sér (má mylja milli fingra).

87.0-89.8 m

Basalt, mjög blöðrótt. Blöðrur ófylltar eða fylltar með hvítu ofan til, en eftir 88.0 m eru þær fylltar dökku og fremur vaxkenndu efni. Minna blöðrótt og blöðrur lítt fylltar síðasta meterinn.

89.8-99.0 m

Konglomerat, basaltmolar í mjög þéttum millimassa ofan til, en millimassinn verður líkur og í móbergsbreksíu neðsta meterinn. Basaltmolar verða stærri neðan til.

SÝNISHORN

<u>Bakki I</u>		<u>Bakki II</u>		<u>Bakki III</u>	
2.3	28.0	49.0	60.0	64.0	81.3
3.0	29.0	49.6	62.6	65.0	83.0
5.1	32.5	50.6	62.8	65.5	86.0
8.0	34.0	52.5	63.0	66.8	86.8
12.3	38.5	54.5	63.4	68.0	87.8
14.0	40.0	55.8		71.0	88.6
17.5	41.0	55.9		71.5	90.5
21.0	44.5	56.4		72.5	92.2
23.0		57.0		75.0	93.5
23.4		58.0		76.5	96.5
25.5		58.4		76.9	97.5
26.5		59.0		78.0	98.8


Ánanaust hola I  
Rannsóknarborhola

Tnr. 299

J-Reykjavík

Fnr. 8595

Dýpi  
m



GARÐAR (Ægissíðu), Ranns. hola II. Stór Rvík. (Verk nr. 887)

1.5-2.5 m

Grágrýti, með stórum olivinekristöllum, grófkristallað og þétt. Verður dálítið blöðrótt síðustu ca. 20 cm. Kjarni heillegur.

2.5-8.8 m

Basalthraun, olivineríkt og mjög blöðrótt. Sama og í Holu I (Ánanaust) á dýpinu 5.2-11.0 m. Kjarni verður mjög molaður eftir 6.5 m.

8.8-34.0 m

Móbergsbreksía. Svarblátt basalt, þétt en dálítið blöðrótt í grænleitum og glerkenndum millimassa. Mikið leirfyllt (bleikur leir). Líkt og í Holu I (Ánanaust). Yfirleitt er millimassinn ríkjandi yfir basaltinu nema síðustu 5 metrana.

34.0-40.0 m

Setlag, leirsteinn og fíngerður sandsteinn.

40.0-41.0 m

Basalt, sama basalt og í 63.4-65.4 í Holu I (Ánanaust).

41.0-44.5 m

Konglomerat. Völur stækka er neðar dregur, stóru völnar eru úr blöðróttu basalti.

44.5-68.0 m

Basalt, blöðrótt mjög á köflum. Nokkuð grófkristallað og dálítið ummyndað. Nokkuð molað og morkið á bili í um 49 m dýpi, en síðan verður kjarni heillegur. Blöðrótt basalt niður í 58.0 m, en þá kemur 1 m þétt og síðan blöðrótt á ný.

68.0-69.5 m

Konglomerat, basaltvölur í tuffkenndum millimassa.

69.5-88.0 m

Sams konar basált og í 44.5-68.0 m og má taka allt þetta sem seríu áf hraunum, en ekki er auðvelt að greina lagamót, blöðrótt og blöðruílaust skiptist á. Þó eru auðsæ lagamót í 86.8 m. Basaltið er stundum dálítið tuffkennt, eins og t.d. í 79.0 m. Nær engar holufyllingar eru í þessu blöðrótta basalti. Basaltið verður blágrátt og þétt eftir 80 m. Verður blöðrótt um og fyrir neðan lagamótin í 86.8 m.

88.0-101.0 m


Konglomerat, basaltmolar af premur gerður í sandkenndum millimassa. Basaltvölnar eru margar hverjar stórar, upp í 15 cm og ein mun stærri í 96 m. Völnar minnka eftir það, er neðar dregur.

SÝNISHORN

<u>Bakki I</u>		<u>Bakki II</u>	
22.0	36.0	50.0	75.0
3.0	38.5	54.0	78.0
6.0	40.5	55.0	79.5
8.7	41.5	58.5	80.3
9.0	42.5	63.0	84.0
11.0	44.0	67.0	86.8
13.0	45.0	67.5	88.2
18.0	46.0	69.5	93.0
25.0	48.0	70.0	96.5
28.0	49.0	72.0	100.0
34.0		73.0	



Garðar hola II  
Rannsóknarborhola



HAFNARFJÖRDUR, Rannsóknahola IV, Stór Rvík. SV. (Verk 887)  
(við Viðistaði)

HS - 07

11931

0.0-4.3 m

Laus jarðvegur og möl.

4.3-62.0 m

Móbergs breksía. Fyrstu 7 metrana er meginhluti kjarnans basalt, sem er mjög molað. Basaltið er nokkuð grófkristallað og má sjá bæði feldspat og olivine. Sama basaltið er í allri breksfunni niður í 62.0 m. (Þunnsneið mun gerð (HF 49)). Allt er basaltið þétt og nær blöðrulaust. Fyrir neðan 11.0 m dýpi verður brún-grænleitur millimassinn meira ríkjandi. Eftir 16.0 m verður kjarninn mun heillegri og er millimassinn ríkjandi yfir basaltinu niður í ca. 18. m, en þá verður meira af basalti. Kjarninn er mjög molaður eftir 23.0 m og allt í 28.0 m, en síðan heillegur. Millimassinn er nokkuð mismikill. Basaltvöllumar eru oft allvel rúnnaðar á hornum. Nær eingöngu basalt eftir 50.0 m. Kjarninn er mjög molaður eftir 50.5 m. Brúnleitur millimassi eftir 54.0 m. Kjarnatap hefur verið mikið hér, en síðustu kjarnabútarnir eru aðeins úr basalti.

62.0-80.0 m

Kjarni varðveittur frá þessu bili er aðeins einn bútur, 5 cm langur, en hann er úr fremur grófkristölluðu grágrýti með þó nokkru olivine í. (Þunnsneið gerð úr búi þessum (HF 63)). Í dagbók bormanna má sjá að skolvatn er dökkgrátt eftir 62.0 m, verður ljósgrátt eftir 71.6 m og gekk borun heldur betur eftir það.

80.0-87.0 m

Basalt, olivineríkt, grófkristallað, mjög blöðrótt. Rauðbrún slikja á öllum kjarnanum. (Þunnsneið gerð, (HF 80)). Skolvatn rauðleitt í 83 m er kjarna var eytt.

87.0-101.0 m

Skolvatn ljósgrátt í 87.0 m. Kjarninn, sem er varðveittur er úr blöðróttu grágrýti, mjög ríku af olivine. (Þunnsneið gerð, HF 100).

N.B. Kjarnatap hefur verið mjög mikið eftir 54.0 m, innan við 10% kjarna hefur varðveizt. Er því ekki ólíklegt að greining sé ónákvæm á framantöldu bili, og ber að hafa það er sannara reynist.

SÝNISHORN

Bakki I

- 4.5
- 6.5
- 10.0
- 11.4
- 13.5
- 14.0
- 16.0
- 19.0
- 22.4
- 24.5
- 26.0
- 31.0
- 33.0
- 36.0
- 42.0
- 49.0
- 51.5
- 53.5

- Molar frá 54.0-62.0  
" " 62.0-80.0  
" " 80.0-87.0  
" " 87.0-101.0

Dýpi  
m  
0

4,3

Jarðvegur  
og mól

Móbergs-  
breksía

Basaltmolar  
í brúngræn-  
leitum  
millimassa

62,0

Basalt

71,6

80,0

Basalt, rauðbrún  
slikja

87,0

Blágrýti blöðrótt  
olivínrikt

101,1



SILFURTÓN, Rannsóknarhóla V, Stór Rvík. (Verk nr. 887)

1.5-35.0 m

Móbergs breksía. Að 2 m er millimassinn einn, en síðan koma blágrýtismolar, sumir stórir. Millimassinn er svarblár og grár, glerkenndur. Blágrýtismolar eru oft upp í 20 cm að þvermáli og um eða yfir 50 cm í 7.5, 8.5 og 18.9 m dýpi og rúmum metri í 33.8 m dýpi. Líklega er hér um stóra steina að ræða en ekki sérstök lög. Basaltmolarnir eru úr blágrýti, þéttu og fínkornóttu og yfirleitt er lítið um blöðrur, en blöðrunar eru nokkuð stórar og verða fleiri er kemur undir 10 m. Kjarninn er heillegur. Holur fylltar með ljósum leir.

35.0-38.5 m

Millilag, vatnaset eða sjávar. Fingerður leir og fín sandur til 36.0 m en þá kemur konglomerat með vólum af ýmsum stærðum. Síðan smækka kornin og leirsteinn nær frá 38.3 m.

38.5-37.0 m

Móbergs breksía 38.5-45.0 m. Gráir og stundum blöðróttir basaltmolar í rauðbrúnum tuffkenndum millimassa. Kjarninn er lítið sprunginn.

Móbergstuff í 45.0-47.5 m, ekki ósvipað millimassanum í breksíunni. Fremur þétt en grófkrySTALLAÐ. Rauðbrúnt og með dökkum blettum, eins og smáhreistrað.

Móbergsbreksía í 47.5-51.5 m, sem er lík breksíunni í 36.0 m.

Móbergstuff í 51.5-57.0 m. Þetta er sama tuffið og áður.

57.0-62.7 m

Basalt, þétt, blágrátt, hart, blöðrur örsmáar, fínkornótt. Dálítið breksíerað til endanna, einkum neðst. Kjarninn er heillegur. Zeolítar í sprungum.

62.7-95.5 m

Móbergs breksía, lík og áður. Blöðröttir basaltmolar í rauðbrúnum tuffkenndum millimassa. Bitarnir eru mjög misstórir, en margir nálægt 5 cm í þvermál. Í 73.5 m verður hlutfallslega miklu meira af basaltmolum í breksífunni. Basaltið er svo ríkjandi að stundum er kjarninn algrár utan frá séð. Millimassinn er líkur og áður, en heldur dekkri þó. Sprungur eru fylltar ljósbrúnum leir. Kjarninn er heillegur ofan til. Í 81.1 m og 82.8 m er bergið allsprungið og leirugt, ljósbrúnn leir. Frá 90.1-93.1 m ber meir á millimassa þ.e. basaltmolarnir eru hlutfallslega minni.

95.5-110.5 m

Basalt, breksía með köflum. Þétt, fínkornótt. Zeolítar í holum. Oft koma bil þar sem um greinilega breksíu er að ræða, en síðan hreint basalt aftur. Nokkuð oft koma ca. 10 cm bil þar sem svart gler er og sár mjög hrjúft, hreint basalt á milli bila. Sprungur eru fylltar leir. Þessar glerbollur eru oft með grænleitum blæ.

110.5-114.6 m

Konglomerat. Basaltvölur, fyrst í gráum en síðan brúngrænum millimassa.

114.6-117.5 m

Basalt, ljósblágrátt, þétt, fremur fínkornótt. Leir í sprungum, zeolítar í holum.

117.5-120.6 m

Konglomerat líkt og áður. Ef til vill dálítið gráleitara og rauðleitara.

120.6-125.8 m

Basalt, ljósblágrátt, blöðrótt. Ekki ósvipað basaltlaginu hér fyrir ofan, en meira blöðrótt. Nokkuð sprungið og sprungur leirfylltar. Stærri holur eru einnig fylltar ljósum leir, en minni holur innihalda smágerða zeolita. Blöðrur oft flangar.

125.8-127.2 m

Rauðbrúnt tuff. Má krafsa sundur með hníf en er allmolótt.

127.2-132.0 m

Basalt, blöðrótt, grófkornótt blágrýti, nokkuð sprungið. Minna blöðrótt til beggja enda.

132.0-134.2 m

Rauðbrúnt tuff. Ekki ósvipað því efra, en rauðleitara.

134.2-141.0 m

Basalt, blágrátt og þétt með mjög litlum blöðrum, finkornótt. Í blöðrum eru glærir x-stallar, zeolítar. Verður meira blöðrótt neðst.

141.0-145.5 m

Konglomerat. Basaltvölur í tuffkenndum millimassa. Gráleitara en tuffið fyrir ofan. Völurnar ekki vel rúnnaðar.

145.5-

Grágrýti. Grófkornótt, gráleitt basalt, dálítið blöðrótt efst. Kjarni fremur heillegur. Holur og sprungur leirfylltar. Einnig nokkuð um gular, harðar holufyllingar. Þéttist til muna og verður finkornóttara er neðar dregur. Kjarnatap frá 151.5-156.2, en síðan er kjarni mjög molaður og leirugur, basalt.

Í 160.0 er kjarni heillegur og er það grágrýti. Næsti heili kjarni er í 174.2 m.

174.2 m

Svargrátt, grófkornótt basalt, mjög blöðrótt. Hvítar holu-  
fyllingar.

Í 176 m þéttist basaltið til muna og lýsist er neðar dregur.

Í 177 m er það orðið grátt með ljósum dílum (feldspar).

Kjarni endar í 178.6 m.

Skv. skýrslu borstjóra:


165.0-167.5 m	Skol ljósrautt Síðan grængrátt og grátt.
190.0 m	Skol grátt.
198.0 m	Skol rautt.
200.0 m	Kauðleit breksía
203.1 m	Botn.


SÝNISHORN

<u>Bakki I</u>	<u>Bakki II</u>	<u>Bakki III</u>	<u>Bakki IV</u>				
2.0	23.2	38.8	57.2	75.0	102.0	120.5	140.5
3.2	25.2	40.0	59.7	78.0	104.0	121.0	141.5
5.2	27.0	43.2	60.7	81.0	107.0	124.0	143.0
7.0	29.0	44.6	62.0	84.0	107.3	126.5	146.0
9.0	31.5	45.1	62.6	87.0	108.0	128.0	149.0
11.0	34.1	45.6	63.0	90.0	110.6	129.0	151.5
14.0	34.9	48.3	64.0	91.3	113.5	130.5	160.0
16.0	35.5	50.4	65.1	93.3	114.5	132.6	174.5
18.0	35.9	51.5	68.0	95.0	115.0	135.0	177.0
19.0	37.0	54.5	70.2	96.0	116.8	136.0	178.5
21.0	38.3	56.8	72.5	98.0	118.0	138.0	

Allmikið kjarnatap varð við borun á bilinu 151.5-203.1 m og eru aðeins fá sýnishorn frá því bili.







ÁLFTANES, Rannsóknarholur, Stór Rvík., Hóla 6 (Sullivan 2)

12.0-14.2 m

Basalt, blágrátt, blöðrótt, nokkuð þétt, fínkornótt, óholu-  
fyllt og hreint. Nokkuð sprungið og molað. Sprungur leirugar  
Allmorkið í 13.5 m. Oft eru stórar blöðrur, en svo þétt á milli

14.2-16.4 m

Breksía, blágrýtismolar af óreglulegri stærð en sömu tegund  
og basaltið fyrir ofan og neðan. Molarnir sitja í leirkenndum  
massa fremur mjúkum og ljósleitum.

16.4-17.1 m

Basalt, blágrátt, blöðrótt o.s.frv. Sama og í 12.0-14.2 m

17.1-20.0 m

Breksía eins og í 14.2-16.4 m. Ef til vill er á tveimur stöð-  
um u.p.b. 60 cm samfelld basalt, en gæti verið stórir steinar,  
hnullungar. Kjarninn er mjög molaður og illa farinn og illt  
að átta sig á honum.

20.0-29.7 m

Líklega hreint basalt á bilinu 20.0-29.7 m, en hér hefur verið  
mikil rýrnun í kjarna og aðeins molar og mylsna eftir.

29.7-30.5 m

Breksía líkt og áður. Það má með sama rétti nefna þetta konglo-  
merat, þ.e. molar eru ýmist hyrndir eða ávalir.

30.5-30.9 m

Basalt, blágrýti sem áður.

30.9-34.0 m

Breksía líkt og áður, en fingerðari massi.

34.0-35.0 m

Leirsteinn. Mjög fingerður og þéttur. Líkt og massinn, sem umlykur völnar í breksíunni í næsta nágrenni. Þetta er auðsjáanlega sjávar- eða vatnsset, þar sem ég finn allmargar skeljar.

35.0-36.0 m

Basalt, dökkt, þétt finkornótt.

36.0-39.0 m

Konglomerat. Hér er massinn kringum völnar mun dekkri og dálítið grófari en áður. Völnur jafn smærri en áður. Kjarni heillegur.

39.0-39.4 m

Leirsteinn, finkornótt, þétt set, ljósgrátt að lit.

39.4-42.0 m

Konglomerat. Fyrstu 30 cm eru völnar smáar, nánast sandsteinn á kafla, en síðan grófara á ný. Völnur fara ekki mikið yfir 2 cm í þvermál.

42.0-43.0 m

Leirsteinn, mjög fingerður og þéttur.

43.0-

Blöðrótt basalt, ljóst að lit og fremur sprungið. Óholufyllt. Basaltið er finkornótt.

Kjarni tapður frá 44.0 m.

Úr dagbók bormanna má fá eftirfarandi upplýsingar um skolvatn:

skolvatn rauðbrúnt í 46.3 m

" dökkgrátt í 53.5 m

" " í 63.2 m

SYNISHORN

Bakki 1


12.1  
13.8  
14.2  
16.2  
16.7  
17.9  
18.9  
20.5  
21.7  
ca. 24.0  
ca. 26.0  
ca. 28.0  
30.5  
31.0  
34.2  
35.5  
36.5  
38.0  
39.0  
39.2  
39.4  
39.5  
40.0  
41.0  
42.3  
43.0  
44.0

Álftanes hola VI  
Rannsóknarborhola

Tnr. 6

J-Álftanes

Fnr. 8294



98,0

Borað með Sullivan III

57. 12501

KÓPAVOGUR, Ranns.hola III, Höfuðb.sv. (Verk nr. 887)

33-34.2 m

Móbergs breksía. Blágrýtisvölur í svarbrúnum og grænleitum, glerkenndum millimassa. Fyrstu metrana er bergið "konglomeratlegt", molarnir eru sumir nokkuð rúnnaðir í skurði og millimassinn er mjög ríkjandi. Í 10 m dýpi er nær eingöngu basalt á 1 m bili, en síðan verður tiltölulega jafnt magn af basalti og millimassa. 25.2-27.5 basalt, þétt og blöðrulaust, sama basalt og í breksíunni. Síðan er á ný álíka mikið af basalti og millimassa. Dálítið af bleikum leir í allri breksíunni.

34.2-37.0 m

Leirsteinn, fingerður og með örfáum vólum efst.

37.0-38.5 m

Konglomerat. Basaltvölur af a.m.k. fjórum gerðum í fingerðum millimassa. Liggur þétt ofan á basaltinu undir og gengur út í leirsteininn fyrir ofan.

38.5-47.3 m

Basalt, grófkristallað og olivinríkt, grágrýti. Mjög blöðrótt efsta meterinn, síðan koma fáar blöðrur en stórar á svo sem meters bili, síðan þétt og nær blöðrulaust þar til síðustu 20 cm. Kjarni mjög heillegur. Engar holufyllingar.

47.3-49.5 m

Konglomerat, basaltvölur af a.m.k. fjórum gerðum í brúnleitum millimassa. Völur fremur smáar. Kjarni heillegur.

49.5-52.3 m

Basalt, fínkornótt og dálítið myndbreytt. Nokkuð af stórum blöðrum og í þeim eru zeolítar í vexti. Bleikleitar holufyllingar eru í smáholum. Kjarni er heillegur.

52.3-54.0 m

Rauðleitt tuff, blöðróttir, hálfmorknir basaltmolar í tuffkennendum massa. Gengur út í basaltið fyrir neðan.

54.0-63.0 m

Basalt, grábláleitt. Dálítið blöðrótt efst, en verður svo alveg blöðrukaust og þétt. Líkast blágrýti að sjá, en tuffkennt efst og dálítið myndbreytt allt til botns, grænleit slika á sári. Kjarni heillegur.

63.0-65.0 m

Rauðleitt tuff. Morknir basaltmolar í tuffkennendum massa. Kjarni heillegur.

65.0-72.0 m

Basalt, blágrátt, finkornótt og þétt. Dálítið myndbreytt. Ekki það sama og í 54.0-63.0, meira ljóst í þessu, örlítið dílótt. Kjarni heillegur.

72.0-75.5 m

Basalt, tuffkennt og dálítið roða slegið. Holur flestar fylltar hvítu. Verður gráleitara í kringum 74 m.

75.5-78.0 m

Rautt tuff. Blöðróttar basaltvölur eru í rauðleitum, oft fingerðum, millimassa. Heilmikið af rauðum og í minna mæli gulbrúnum leir, dálítið vaxkenndum. Þetta gengur út í basaltið fyrir neðan.

78.0-

Basalt, nokkuð blöðrótt og allmikið myndbreytt. Leirugar sprungur. Holur fylltar að nokkru. Zeolítar í holum og sprungum. Kjarni endar hér í 81.4 m, en síðan er til kjarni frá 89.5 m (Vantar 1 kjarnakassa).



89.5-100.3 m

Konglomerat. Fyrsta hálfu meterinn er um nær eingöngu molað basalt að ræða, en síðan verður kjarni mjög mörkinn og molaður og erfiður til umsagnar. Sjá má blöðrótta basaltmola af og til, en svo nánast mylsnu á milli.

Í 92 m verður kjarni heillegri. Hér eru basaltmolar af a.m.k. fimm mismunandi gerðum í fagurrauðum millimassa. Eftir 93 m hverfur rauði liturinn. Millimassinn er grænsvartur og glerkenndur. Völur eru margar rúnnaðar. Millimassinn ætíð ríkjandi

SÍNISHORN


Bakki I

Bakki II

3.5	37.8	40.0	69.2
6.0	38.2	43.0	71.5
11.0	39.0	46.5	73.0
14.2	44.0	47.4	74.5
18.5		51.0	77.8
25.0		52.1	81.0
26.0		53.5	89.6
29.0		54.5	93.2
33.0		61.2	96.5
34.8		63.2	96.7
36.0		64.5	98.0

Dýpi  
m

3.3



Móbergs breksia

34.2

Leirsteinn

37.0

Konglomerat

38.5

Basalt, grófkristallað

47.3

Konglomerat

49.5

52.3

Basalt fínkornótt.

54.0

Rauðleitt tuff.

Basalt

63.0

Rauðleitt tuff.

65.0

Basalt.

72.0

Basalt tuffkennt.

75.5

Rauðleitt tuff.

78.0

Basalt bláðrótt

81.4

Kjarna vantar

89.5

Konglomerat

100.3

St. 9070

LEIRVOGUR, Rannsóknarhola VII, Höfuðb.sv. (Verk nr. 887)  
(Farið í gamla höggborsholu, sem var 30 m að dýpt)

30.0-51.0 m

Basalt, grágrýti nokkuð grófkristallað. Blöðrótt og nokkuð molað niður í 32 m en verður þá mjög þétt og blöðrulaust niður í 35 m, kjarni heillegur. Þá er bergið nokkuð blöðrótt á um meters bili, en síðan þétt næstu tvo metra, síðan blöðrótt með smáblöðróttum köflum niður í 43 m, en þá þétt og blöðrulaust niður í 46.5 m. Kjarni á þessu bili er mjög heillegur. Hér eftir er basaltið blöðrótt og kjarni allmikið molaður. Engar holufyllingar, berg ferskt. Hugsanlegt væri að skipta basaltinu í 32.0, 35.0, 38.0, 42.0, 46.5, en ég tel það vart réttlætjanlegt.

Hér vantar í kjarna niður í 57.4 m. Skv. upplýsingum bormanna var hér um sandstein að ræða, sem eyddist.

57.4-57.5 m

Konglomerat, basaltvölur af a.m.k. fjórum gerðum. Stærst er blöðrótt, dálítið dílótt basalt. Sýnishorn merkt 5755 sýnir mjög vel mótin á lagi þessu og setinu undir.

57.5-72.5 m

Setlag. Mjög fingert set. Efstu tvo metrana er kjarni röndóttur að sjá vegna smá belta af mismunandi kornastærð, en síðan er eingöngu um hárfín korn að ræða. Setið er mjög vel harðnað og brotnar í hyrnda, oddhvassa mola, ef á er slegið. Er mjög dökkt að lit. Öðru hvoru eru eins og linsur af brúnleitu seti í þessu dökka (sjá sýnishorn 62.0). Eftir 68 m verður setið brúnt og síðan ljósbrúnt að lit. Aftur má sjá lög með minni kornastærð.

Kjarni nær niður í 72.5 m, en eftir það er aðeins tekið svarf með 1 m millibili.

SÝNISHORN

Bakki I

30.0  
31.0  
31.5  
32.0  
35.0  
38.0  
40.0  
41.0  
45.0  
47.0  
47.1  
48.0  
48.6  
51.0  
57.5  
58.0  
59.0  
60.3  
61.0  
62.0

Bakki II

63.5  
65.0  
67.0  
68.2  
69.5  
71.0  
72.0  
Svarfsýnishorn

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

16.9'69

IBF/EK

Tnr. I

LEIRVOGUR, RANNSÓKNAHOLA VII

J-Leirvogur.

Jarðlagasnið. Höfuðb.sv. verk 887

Fnr. 8992

Dýpi  
m

30.0



Basalt, ferskt.

51.0

Kjarna vantar  
Konglomerat?

57.5

Leirsteinn.

725